

1995 nr. 88 28. júní**Lög um þingfararkaup alþingismanna og þingfararkostnað****I. kafli. Þingfararkaup.**

■ **1. gr.** Greiða skal alþingismanni mánaðarlega þingfararkaup úr ríkissjóði. Þingfararkaup greiðist frá fyrsta degi eftir kjördag og til síðasta dags þess mánaðar er kjörtímabili eða þingsetu lýkur. Kaupið greiðist fyrsta hvers mánaðar fyrir fram.

■ **2. gr.** Forseti Alþingis nýtur sömu launa- og starfskjara og ráðherrar.

■ **3. gr.** Varaforsetar Alþingis skulu fá greitt 15% álag á þingfararkaup.

□ Formenn þingnefnda, sbr. 13. gr. þingskapa, og formenn þingflokka skulu fá greitt 15% álag á þingfararkaup. Enginn getur fengið nema eina álagsgreiðslu mánaðarlega samkvæmt þessari málsgrein. Enn fremur er heimilt að greiða formanni sérnefndar, sbr. 32. gr. þingskapa, svo og varaformanni fastanefndar, sambærilegt álag eða hluta þess, ef sérstök ástæða er til.

■ **4. gr.** Alþingismaður á rétt á leyfi frá opinberu starfi, sem hann gegnir, í allt að fimm ár. Afsali hann sér starfinu eftir fimm ára leyfi á hann að öðru jöfnu forgang í allt að fimm ár frá þeim tíma að sambærilegri stöðu hjá hinu opinbera.

□ Nú gegnir alþingismaður starfi hjá ríki eða ríkisstofnun með þingmennsku og skal hann þá njóta launa fyrir það starf samkvæmt mati viðkomandi ráðuneytis, þó aldrei hærr en 50%.

■ **5. gr.** Ráðherra, sem er ekki alþingismaður, fær greitt þingfararkaup, sbr. 51. gr. stjórnarskrár.

II. kafli. Þingfararkostnaður.*Húsnæðis- og dvalarkostnaður.*

■ **6. gr.** Greiða skal alþingismanni fyrir kjördæmi utan Reykjavíkur og Reykjaness mánaðarlega húsnæðis- og dvalarkostnað til þess að hafa dvalarstað í Reykjavík eða grennd, eigi hann heimili utan Reykjavíkur eða nágrennis, eða til þess að hafa starfs- eða dvalaradstöðu í kjördæmi sínu eigi hann heimili utan kjördæmisins.

□ Alþingismaður, sem á heimili utan Reykjavíkur eða nágrennis en fer að jafnaði milli heimilis og Reykjavíkur um þingtímann, á rétt á að fá endurgreiddan ferðakostnað, auk þriðjungs af greiðslu skv. 1. mgr. mánaðarlega.

□ Haldi alþingismaður, sem á aðalheimili utan Reykjavíkur eða nágrennis, annað heimili í Reykjavík er heimilt, meðan svo stendur, að greiða honum álag, allt að 40%, á fjárhæð skv. 1. mgr.

Ferðakostnaður.

■ **7. gr.** Alþingismaður fær mánaðarlega fjárhæð til greiðslu kostnaðar við ferðalög innan kjördæmis hans. Enn fremur skal endurgreiða alþingismanni ferðakostnað milli heimilis eða starfsstöðvar og Reykjavíkur.

□ Endurgreiða skal alþingismanni kostnað við aðrar ferðir er hann þarf að fara innan lands í tengslum við störf sín, svo og gisti- og dvalarkostnað í þeim ferðum. Heimilt er að ákveða að kostnaður við ferðir umfram tiltekna vegalengd frá heimili eða starfsstöð innan kjördæmis verði endurgreiddur þrátt fyrir ákvæði 1. mgr.

■ **8. gr.** Alþingi greiðir kostnað við ferðir sem alþingismaður fer á vegum þingsins til útlanda.

Almennur starfskostnaður.

■ **9. gr.** Alþingi leggur alþingismanni til almenna skrifstofuadstöðu og nauðsynlegan búnað og greiðir kostnað af því. Endurgreiða skal alþingismanni símakostnað.

□ Endurgreiða skal alþingismönnum annan starfskostnað samkvæmt reglum sem forsætisnefnd setur. Heimilt er að greiða starfskostnað samkvæmt þessari málsgrein sem fasta fjárhæð í stað endurgreiðslu samkvæmt reikningum.

III. kafli. Önnur starfskjör.*Forföll alþingismanna og greiðslur til varaþingmanna.*

■ **10. gr.** Nú þarf alþingismaður að vera fjarverandi vegna starfa á vegum ríkisstjórnar, sem fulltrúi Alþingis eða í öðrum opinberum erindum, í a.m.k. fimm daga eða lengur, og varamaður tekur sæti hans á Alþingi á meðan, sbr. 2. mgr. 53. gr. þingskapalaga, og skal hann þá eigi að síður halda þingfararkaupi og öðrum föstum greiðslum meðan forföll vara. Forsætisnefnd getur sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis og er þá heimilt að víkja frá ákvæðum þessarar málsgreinar um lágmarkstíma fjarveru ef sérstaklega stendur á og fyrir liggur beiðni þingflokks þar að lútandi.

□ Hverfi þingmaður af þingi um sinn vegna slyss eða veikinda fær hann þingfararkaup og aðrar fastar greiðslur samkvæmt lögum þessum eigi að síður allt að einu ári.

□ Nú er þingmaður forfallaður af öðrum ástæðum en getur í 1. og 2. mgr. og varamaður tekur sæti hans á þingi, og missir hann þá þingfararkaups og annarra kjara þann tíma sem hann er fjarverandi.

■ **11. gr.** Varaþingmaður fær greitt þingfararkaup skv. 1. gr. meðan hann situr á Alþingi og endurgreiddan þingfararkostnað samkvæmt lögum þessum eftir nánari reglum sem forsætisnefnd setur.

Fæðingarorlof og tryggingar.

■ **12. gr.** Alþingismaður á rétt á fæðingarorlofi þann tíma sem lög eða kjarasamningar opinberra starfsmanna ákveða. Tekur varamaður þá sæti á meðan en þingmaðurinn skal einskis í missa af launum og föstum greiðslum samkvæmt lögum þessum meðan á fæðingarorlofi stendur.

□ Alþingismaður nýtur slysa- og ferðatrygginga.

Biðlaun.

■ **13. gr.** Alþingismaður á rétt á biðlaunum er hann lætur af þingmennsku. Biðlaun jafnhá þingfararkaupi skv. 1. gr. skal þá greiða í þrjú mánuði. Eftir þingsetu í tvö kjörtímabil eða lengur skal þó greiða biðlaun í sex mánuði.

□ [Nú tekur alþingismaður, er nýtur biðlauna skv. 1. mgr., við starfi í þjónustu ríkisins eða annars aðila áður en þriggja eða sex mánaða tímabilið er liðið og skulu þá launagreiðslur samkvæmt þessari grein falla niður ef laun þau er nýja starfinu fylgja eru jöfn eða hærr en biðlaunagreiðslur til hans. Ef launin í nýja starfinu eru lægri skal greiða honum launamismuninn til loka þriggja eða sex mánaða tímabilsins.]¹⁾

¹⁾ L. 104/1996, 1. gr.**IV. kafli. Ákvörðun þingfararkaups og þingfararkostnaðar.**

■ **14. gr.** Kjaradómur ákveður þingfararkaup skv. 1. gr., sbr. lög nr. 120/1992.

□ Forsætisnefnd Alþingis ákveður aðrar greiðslur samkvæmt lögum þessum og setur nánari reglur um þær.

■ **15. gr.** Skrifstofa Alþingis úrskurðar um reikninga þá sem alþingismanni skulu endurgreiddir samkvæmt lögum þessum. Vilji alþingismaður ekki una úrskurði skrifstofunnar

getur hann skotið honum til forsætisnefndar sem fellir endanlegan úrskurð.

□ Ef vafi leikur á um rétt alþingismanns samkvæmt lögum þessum sker forsætisnefnd úr.

■ **16. gr.** [Greiðsla þingfararkostnaðar skv. 6. og 7. gr. er framtalsskyld, sbr. lög um tekjuskatt og eignarskatt, nr. 75/

1981, en ekki skattskyld. Um greiðslur skv. 8. gr. fer eftir þeim reglum sem ríkisskattstjóri setur.]¹⁾

¹⁾ L. 119/1995, 1. gr.

V. kafli. Gildistaka.

■ **17. gr.** Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1995. . . .

ELDDRI ÚTGÁFA